

**Samkomulag um framlengingu kjarasamnings  
kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands  
og  
Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands  
annars vegar  
og  
Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis  
hins vegar**

**1. gr.**

**Gildistími**

Kjarasamningur kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur, hins vegar, framlengist frá 1. maí 2015 til 31. desember 2018 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara eða sérstakrar uppsagnar.

**2. gr.**

**Um launabreytingar**

Á samningstíma hækka laun með svofelldum hætti:

Frá 1. maí 2015 hækka laun um 6,2%

Frá 1. maí 2016 hækka laun um 5,5%.

Frá 1. maí 2017 hækka laun um 3,0%.

Frá 1. maí 2018 hækka laun um 2,0%.

Við ákvörðun launabreytinga, með gildistöku frá 1. maí 2015 að telja, hefur verið tekið sérstakt tillit til upphafstímamarks gildistíma kjarasamnings.

Að öðru leyti vísast til ákvæða kjarasamnings aðila. Sjá einnig bókanir 3 og 4 með samningi þessum.

**3. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót.**

Á gildistíma kjarasamnings skal desember- og orlofsuppbót vera svofelld:

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2015 kr. 90.500.

Á árinu 2016 kr. 95.100.

Á árinu 2017 kr. 99.800.

Á árinu 2018 kr. 103.300.

*göð*  
*sol*  
*HLK*

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 verði orlofsuppbót kr. 42.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2016 verði orlofsuppbót kr. 44.500.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 verði orlofsuppbót kr. 46.500.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 verði orlofsuppbót kr. 48.000.

#### 4. gr.

##### Samningsforsendur.

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 29. maí 2015, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningi þessum.

Komi til þess að kjarasamningi þessum verði sagt upp á gildistíma hans falla niður umsamdar greiðslur samkvæmt samningi þessum sem ekki hafa á því tímamarki komið til framkvæmda.

#### 5. gr.

##### Afgreiðsla kjarasamnings o.fl.

Kjarasamningur þessi tekur til félagsmanna kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands sem starfa hjá Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtæki. Undir samning þennan falla einnig starfsmenn, sem aðild eiga að sömu stéttarfélögum og starfa hjá eftirtöldum dótturfyrirtækjum Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e. Orku náttúrunnar ohf. og Veitum ohf.

Skal ein og sameiginleg atkvæðagreiðsla fara fram um samning þennan meðal allra hlutaðeigandi starfsmanna. Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis, er samningur þessi undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir kl. 16:00, miðvikudaginn 20. janúar 2016.

#### 6. gr.

##### Fylgiskjöl

Í eftirtöldum fylgiskjölum eru breytingar á ákvæðum kjarasamnings og viðbætur:

- Bókanir með kjarasamningi

Reykjavík, 21. desember 2015

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur,  
sameignarfyrirtækis

*Sölmin Kristjánsson*  
*Oskar Nordma*

f.h. kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands

*Hlökk Benediktsson*  
*Vignar Örn Sigþórsson*  
*Þrándur Ólafur*

f.h. Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands

*Ólafur L. Karlsson*  
*Þyngur Ólafur*  
*Sölmin Kristjánsson*

# Bókanir

## Bókun 1.

Aðilar eru sammála um að ákvæði gr. 13.11.1. í kjarasamningi breytist og í stað þess að barnshafandi konur eigi rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum mánaðarlaunum þurfi slík skoðun að fara fram á vinnutíma skuli sá réttur gilda jafnt um báða foreldra.

## Bókun 2

Aðilar eru sammála um að ákvæði gr. 4.1.4. í kjarasamningi breytist og kveðið verði afdráttarlaust á um að slíkur réttur skapist á því almanaksári sem starfsmaður nær 38 ára aldri.

## Bókun 3

Þann 27. október s.l. var undirritað Rammasamkomulag milli flestra aðila vinnumarkaðar. Í samkomulaginu segir að markmið þess sé að auka kaupmátt við efnahagslegan og félagslegan stöðugleika á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægra vaxtastigs. Í samkomulagi er kveðið á um stofnun Þjóðhagsráðs, sameiginlega launastefnu til ársloka 2018, meginstoðir nýs íslensks samningslíkans til framtíðar og samspil aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda.

Fyrir aðilum vinnumarkaðar liggur nú að vinna að nánari útfærslu Rammasamkomulags og er að því stefnt að ganga frá samkomulagi við stjórnvöld fyrir 1. febrúar 2016 um mótvægisáðgerðir til að stuðla að efnahagslegum stöðugleika á tímabilinu.

OR og kjaradeild Verkfræðingafélags Íslands og Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands munu sameiginlega yfirfara forsendur Rammasamkomulags og þá einkum með hliðsjón af því með hvaða hætti þær kunna hafa áhrif á stöðu og kjör starfsmanna á gildistíma kjarasamnings.

## Bókun 4

Aðilar eru sammála um að meta fyrir árslok 2017 hver framvinda sáttar á vinnumarkaði hefur orðið og hver staða kjarasamninga annarra stéttarféлага háskólamanna hefur þá orðið. Í þeim tilgangi verði eftir atvikum teknar upp viðræður um launaþróunina.

## Bókun 5

Aðilar eru sammála um að ganga frá nýjum heildartexta samnings (núverandi megingtexti er frá 2008), endurskoða hann eftir atvikum, gefa út og staðfesta, eigi síðar en 1. maí 2016.

Þótt  
SOS  
VOS  
HLK